

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. desember 1984

um breytingu á fyrstu röð tilskipana um samræmingu á lögum
aðildarríkjanna á matvælasviði, sem lýtur að starfssviði
fastanefndar um matvæli

(85/7/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

með hefur hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í þeim tilvikum og samkvæmt þeim skilmálum sem gert er ráð fyrir í fyrstu málsgrein 2. gr. í ákvörðun ráðsins 69/414/EBE frá 13. nóvember 1969 um stofnun fastanefndar um matvæli⁽¹⁾ skal fastanefnd um matvæli inna af hendi þau verk sem henni ber samkvæmt ákvæðum sem ráðið samþykkti á matvælasviði.

Nefndin hefur, auk þess að vera ráðgefandi, það verk með höndum að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í málum þar sem ráðið veitir þeirri síðarnefndu umboð til að framfylgja reglum sem ráðið setur.

Fastanefnd um matvæli var í flestum þeim ákvæðum sem ráðið samþykkti falin verkefni, á því sviði sem ákvæðin fjalla um, sem hún átti að leysa af hendi innan átján mánaða.

Markmiðið með þessum fresti var að kanna hvort tilhöggun á vísun mála til fastanefndar reyndist fullnægjandi við lagasetningu. Fresturinn skal framlengdur um tvö ár í sama augnamiði,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I.. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum:

11. gr. b í tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 81/20/EBE⁽³⁾;

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 43, 14. 2. 1981, bls. 11.

- 8.b gr. í tilskipun ráðsins 64/54/EBE frá 5. nóvember 1963 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um rotvarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 84/86/EBE⁽⁵⁾;

7. gr. tilskipunar ráðsins 70/357/EBE frá 13. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þrávarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli⁽⁶⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 81/962/EBE⁽⁷⁾;

13. gr. tilskipunar ráðsins 73/241/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis⁽⁸⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 80/608/EBE⁽⁹⁾;

11. gr. tilskipunar ráðsins 74/329/EBE frá 18. júní 1974 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum⁽¹⁰⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 80/597/EBE⁽¹¹⁾;

11. gr. tilskipunar ráðsins 76/893/EBE frá 23. nóvember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um efni og hluti sem er ætlað að komist í snertingu við matvæli⁽¹²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 80/1276/EBE⁽¹³⁾;

10. gr. tilskipunar ráðsins 77/94/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfaði⁽¹⁴⁾, eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 1979;

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. 12, 27. 1. 1984, bls. 161/64.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1984, bls. 29.⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 157, 18. 7. 1970, bls. 31.⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 354, 9. 12. 1981, bls. 22.⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 170, 3. 7. 1980, bls. 33.⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 189, 12. 7. 1974, bls. 1.⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 155, 23. 6. 1980, bls. 23.⁽¹²⁾ Stjútíð. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 19.⁽¹³⁾ Stjútíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 77.⁽¹⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 55.

8. 10. gr. tilskipunar ráðsins 77/436/EBE frá 27. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kaffikjarna og síkóríukjarna ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 1979;
9. 18. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda ⁽²⁾, eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 1979;
10. 13. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 80/1276/EBE;

í stað yrðingarinnar: „í átján mánuði frá þeim degi er málinu var fyrst vísað til nefndarinnar“ kemur svohljóðandi yrðing: „í tvö ár frá þeim degi er málinu var fyrst vísað til nefndarinnar eftir 1. janúar 1985.“

2.. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1984.

Fyrir hönd ráðsins,

P. O'TOOLE

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 172, 12. 7. 1977, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.